

Markmið:

Myndmennt hefur það að meginmarkmiði að þroska og þróa hæfni nemenda til að tjá sig án orða, með því að þjálfa færni þeirra í helstu táningamiðlum sjónlista s.s. að teikna, mála og leira. Lögð er áhersla á ýta undir og efla ímyndunarafl og skapandi hugsun t.d. með því að nemendur velji inntak verka sinna og/eða þann miðil sem þeir vinna í.

Kennsluáferðir/vinnulag:

Myndmennt er kennd 12 til 14 nemenda hópum, 2 x 2 kennslustundir á viku, 1/5 af skólaárinu. Verkefni eru öll unnin í kennslustofunni að undanskildu skriflegu verkefni sem felur í sér að nemandinn þarf að nýta sér veraldavefinn til að afla sér upplýsinga um myndhöfunda, útilistaverk og listasöfn. Þess er gætt að verkefni séu fjölbreytt, t.d. að sum hver krefjist nákvæmni á meðan önnur eru beinni tjáning.

Námsmat:

Námsmat byggir á ýmsum myndamennta verkefnum sem lögð eru fyrir og sem tengd eru hæfnisviðmiðum Aðalnámskrár. Á unglíngastigi er námsmat skráð með bókstöfum.

Námsgögn:

Veraldarvefurinn. PowerPoint-sýningar útbúnar af kennara, t.d um stíla og stefnur í myndlist. Bækur og fjölbreytt tæki og tól sem hefðbundin eru í myndlistarkennslu.